


Umhverfis- og tæknisvið  
Uppsveita  
1.2231. okt. 2018 52  
MÖTTEKIÐ  
1810012



## AÐALSKIPULAG HRUNAMANNAHREPPS 2016 – 2032

Skipulags- og matslýsing vegna breytingar aðalskipulags –  
Grafarbakki II spilda 1

25.10.2018



## GREINARGERÐ – UPPLÝSINGABLAÐ

### SKJALALYKILL

2775-016-GRG-001-V01

### SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01/13

### VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUPA

Jón Valgeirsson sv.stjóri

### VERKEFNISSTJÓRI – EFLA

Gísli Gíslason

### TITILL SKÝRSLU

Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032

### VERKHEITI

Skipulags- og matslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi.

### VERKKAUPI

Hrunamannahreppur

### HÖFUNDUR

María Bjarnadóttir / Ásgeir Jónsson

## ÚTGÁFUSAGA

<u>NR.</u>	<u>HÖFUNDUR</u>	<u>DAGS.</u>	<u>RÝNT</u>	<u>DAGS.</u>	<u>SAMÞYKKT</u>	<u>DAGS.</u>
01	MB / ÁJ	25.10.18	ÁJ / IS	26.10.18	GG	26.10.18

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagslýsing	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Staðhættir	5
2.2	Tengsl við aðrar áætlanir	5
2.2.1	Landsskipulagsstefna 2015-2016	5
2.2.2	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032	6
2.2.3	Deiliskipulag	8
2.3	Minjar	8
3	BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI	8
4	UMHVERFISÁHRIF	9
4.1	Matsskylda áætlunarinnar	9
4.2	Tengsl við aðrar áætlanir	9
4.3	Umhverfismat	10
4.4	Valkostir	10
4.5	Umhverfispættir og áherslur	10
5	SKIPULAGS – OG MATSFERLIÐ	12
5.1	Umsagnaraðilar	12
5.2	Samráð	12
5.3	Skipulagsferli	12

## 1 INNGANGUR

Hrunamannahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2032, samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eigendur lóðarinnar Grafarbakki II spilda 1, landnr. 208830, hafa óskað eftir því að norðurhluti lóðarinnar verði skilgreindur sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulagi. Staðsetning lóðarinnar er suðaustan Flúða á svæði sem skilgreint er landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Gerð verður breyting á uppdrætti aðalskipulags og greinargerð.

Skipulagslýsing þessi er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin samkvæmt grein 4.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

### 1.1 Skipulagslýsing

Tilgangurinn með gerð skipulagslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar um umfang og áherslur í umhverfismati aðalskipulagsins sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þegar það á við.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulagsbreytingarinnar.

## 2 FORSENDUR

Í Hrunamannahreppi hefur verið nær stöðug fjölgun íbúa frá árinu 1998. Þá taldi hreppurinn 693 íbúa. Árin 2008 og 2016 náði íbúafjöldinn hámarki og fór yfir 800 íbúa. Í lok árs 2017 hafði íbúum heldur fækkað í sveitarfélaginu og var fjöldinn þá kominn í 777 íbúa. Í þéttbýlinu á Flúðum voru þá um 430 íbúar. Flúðir er þjónustukjarni sveitarfélagsins og leggur sveitarstjórn áherslu á uppbyggingu innan þéttbýlisins.

Ferðaþjónustan hefur án efa skapað flest ný störf í sveitarfélaginu á undanförunum árum. Hafa nýir þjónustuaðilar bæst í hóp þeirra sem fyrir eru um nokkurt skeið. Töluverð uppbygging hefur átt sér stað í afþreyingar- og veitingaþjónustu. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýli sveitarfélagsins og í þéttbýlinu. Sveitarstjórn leggur áherslu á að unnið verði markvisst að skipulagi og uppbyggingu ferðaþjónustu í samvinnu við ferðaþjónustuaðila.

Lóðin Grafarbakki II spilda 1 liggur suðaustan Flúða. Aðkoma að henni er frá Hrunavegi nr. 344.

Forsenda fyrirhugaðrar breytingar er sú að landeigandi hefur hug á að reka ferðaþjónustu á norðurhluta lóðarinnar með ýmis konar afþreyingu fyrir ferðamenn ásamt gistingu, m.a. í gestahúsum og/eða tjaldsvæði.

## 2.1 Staðhættir

Lóðin Grafarbakki II spilda 1 er um 9.7 ha að stærð í heild sinni. Stærð norðurhluta lóðarinnar, þess svæðis sem breytingin nær til, er um 26.000 m<sup>2</sup>. Um er að ræða sléttlent ræktað land, skilgreint sem landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi. Að auki er það flokkað sem gott akuryrkjuland. Syðri hluti lóðarinnar tilheyrir skilgreindu frístundasvæði (F14).



**MYND 1.** Flúðir – Þéttbýlismörk rauður rammi. Fyrirhuguð breyting er mörkuð með rauðum hring.

## 2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2016

Í Landsskipulagsstefnu eru settar fram eftirfarandi áherslur sem sveitarfélagið þarf að horfa til:

Kafli 2.2.1 Byggð falli að landslagi og náttúru

„Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið að byggingarhefðum, landslagi og staðhættum. Um leið verði gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna

náttúruverndar. [...]. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum“.

#### Kafli 2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands.

„Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvörðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland“.

#### Kafli 2.4.1 Ferðapjónusta á grunni sérstöðu og umhverfisgæða.

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðapjónustu. Skipulagsákvörðanir um ferðapjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðapjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðapjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum“.

#### Kafli 3.2.2 Hagkvæm uppbygging.

„Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga verði mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar. Stuðlað verði að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og stærðir. Tryggt verði fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem stuðli að félagslegri fjölbreytni og í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa“.

#### 2.2.2 Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032

Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032 var staðfest þann 19. desember 2017. Í aðalskipulaginu er svæðið, sem breytingin tekur til, skilgreint sem landbúnaðarland.

Á fundi sveitarstjórnar þann 7. september 2018 var samþykkt að gerð verði breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 og eftirfarandi bókun skráð: „Mælt er til að tillagan fái meðferð skv. 1. mgr. 36. gr. sem vísar til meðferðar skv. 30. – 32. gr. í skipulagslögum nr. 123/2010.“

Í aðalskipulagi er tekið mið af eftirfarandi skilgreiningu skipulagsreglugerðar, nr. 90/2013 gr. 6.2, á landnotkunarflokknum afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF): „Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.“

#### Stefnumörkun gildandi aðalskipulags – Afþreyingar – og ferðamannasvæði

- „Afþreyingarmöguleikum verði fjölgað til að skapa möguleika á því að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu.“
- „Við skipulag ferðamannasvæða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.“

**Leiðir:**

- „Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkinga og eftir atvikum snyrtingum.“
- „Tryggja sem best umferðaröryggi um hvert svæði og einnig aðkomu að því.“
- „Útfærðar verði hjóla-, reið- og gönguleiðir, m.a. til að bæta nýtingu þeirra innviða sem fyrir eru.“

**Landbúnaðarland**


Verði af fyrirhuguðum breytingum er verið að breyta skilgreindu landbúnaðarlandi í nýja landnotkun. Í aðalskipulagi er eftirfarandi stefnumörkun varðandi landbúnaðarland:

- Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland, (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Landbúnaður, þ.m.t. ylrækt og garðrækt, verði áfram stundaður með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Landbúnaður verði eflur sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.

**Leiðir:**

- Landbúnaðarland er flokkað með það að markmiði að vernda gott akuryrkjuland til matvælaframleiðslu til framtíðar.
- Byggingar skulu að jafnaði reistar í tengslum við núverandi mannvirki m.a. til að nýta samgöngu- og veitukerfi.
- Byggingar, samfelld skógrækt o.fl. sem hamlar ræktunarmöguleikum er að jafnaði ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi (flokki I og II) eða verndarsvæðum, en getur eftir atvikum verið í jaðri svæðanna eða þar sem sýnt er fram á að flokkun lands er önnur en gengið er út frá í aðalskipulagi.

Á landbúnaðarlandi í flokki I og II er að jafnaði ekki heimiluð landnýting sem takmarkar ræktunarmöguleika til akuryrkju s.s. samfelld skógræktarsvæði, byggð, umfangsmikil iðnaðarsvæði eða stórar námur.



**MYND 2.** Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032. Fyrirhuguð breyting er mörkuð með rauðum hring.

### 2.2.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

## 2.3 Minjar

Unnið er að aðalskráningu fornminja í sveitarfélaginu.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

## 3 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI

Sá hluti lóðarinnar Grafarbakki II spilda 1 sem breytingin nær til er um 26.000 m<sup>2</sup> að stærð. Um er að ræða nyrsta hluta lóðarinnar sem tilheyrir skilgreindu landbúnaðarsvæði, flokki I og II, í gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps.

Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður skilgreiningu á landnotkun norðurhluta lóðarinnar breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF). Þar með eru svæði í þessum landnotkunarflokki orðin tvö í sveitarfélaginu. Það er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins, að fjölga afþreyingarmöguleikum, til þess að ferðamenn dveljist þar lengur.



## 4 UMHVERFISÁHRIF

Við breytingu á aðalskipulagi skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og skulu eftirfarandi meginatriði koma fram skv. gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013:

- a) „*lýsing og samanburður á kostum sem til greina koma um þróun byggðar, staðsetningu og útfærslu hennar og einstakra framkvæmda, m.t.t. áhrifa á umhverfið, svo sem með tilliti til sérkenna einstakra svæða og/eða verndargildis. Þetta getur t.d. átt við um tegund landnotkunar, þéttleika byggðar eða stefnu um samgöngur,*
- b) *hvernig tryggt er að tillagan í heild, einstök markmið hennar og framfylgd valdi sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Við mótun tillögu skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða og þess gætt að einstök markmið hennar samræmist meginmarkmiðum skipulagstillögunnar og markmiðum reglugerðar þessarar,*
- c) *hvort setja þurfi í aðalskipulagi skilyrði fyrir deiliskipulagsgerð og framkvæmdum á síðari stigum, til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið“.*

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða skipulagsgerð, með þátttöku skipulagsnefndar. Með því móti nýtist það best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum fyrir þá sem nýta svæðin.

Matinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti.

### 4.1 Matsskylda áætlunarinnar

Í gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir: „Geri aðalskipulagstillaga ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, skal gerð grein fyrir þeim í skipulagstillögunni.“

Breytingin fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem ekki er mörkuð stefna um framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

### 4.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu fyrir breytinguna verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur í samræmi við lið a. í 6 gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla 2.1.

### 4.3 Umhverfismat

Matsvinnan fer fram samhliða vinnslu við gerð greinargerðar og uppdráttar til að stuðla að því að umhverfissjónarmið séu ávallt uppi við mótun tillögu að breyttu aðalskipulagi.

Í skipulagsgerð er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist því til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

### 4.4 Valkostir

Breyting á aðalskipulagi, þ.e. afþreyingar- og ferðamannasvæði, verður borin saman við núverandi ástand, núll kost.

### 4.5 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflu 1. Viðmið fyrir hvern umhverfisþátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og/eða yfirlitstöflu.

**TAFLA 1** Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Náttúra	Hefur skipulagið áhrif á gróður og dýralíf? Hefur skipulagið áhrif á jarðmyndanir og vistkerfi?	Lög um náttúruvernd nr.60/2013, áhersla á 61. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2016.
Landnotkun	Hefur skipulagið áhrif á gott landbúnaðarland? Hefur skipulagið áhrif á notkun svæða til útivistar?	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016 – 2032. Landsskipulagsstefna Náttúruminjaskrá
Ásýnd og landslag	Hefur skipulagið áhrif á ásýnd svæða? Hefur skipulagið áhrif á náttúrulegt landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026.
Samfélag	Hefur skipulagið áhrif á atvinnulíf? Stuðlar skipulagið að styrkingu byggðar? Hefur skipulagið áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026.
Minjar og verndarsvæði	Hefur skipulagið áhrif á fornminjar? Hefur skipulagið áhrif á náttúruminjar? Hefur skipulagið áhrif á verndarsvæði?	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar Náttúruminjaskrá Landsskipulagsstefna 2015-2026.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Heilsa og öryggi	Hefur skipulagið áhrif á umferðaröryggi? Hefur skipulagið áhrif á hljóðvist/loftgæði? Er hættu á mengun af völdum breytinganna?	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032. Landskipulagsstefna 2015-2026. Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br. Vegalög nr. 80/2007.

## 5 SKIPULAGS – OG MATSFERLIÐ

Með kynningu skipulags- og matslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenn- ingi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breyt- ingarinnar. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu Hruna- mannahrepps <http://www.fludir.is>. Lýsingin mun einnig liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins Akurgerði 6 á Flúðum auk þess sem hún verður auglýst á heimasíðu skipulagsfulltrúa, <http://www.utu.is/> og liggja frammi á skrifstofu embættisins að Dalbraut 12 á Laugarvatni. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skrifstofu sveitarfélagsins eða skrifstofu skipulagsfulltrúa á netfangið [runar@utu.is](mailto:runar@utu.is), fyrir auglýstan tímafrest.

### 5.1 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum um skipulagslýsingu frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnssýslu sveitarfélagsins.

### 5.2 Samráð

Aðalskipulagsbreytingin verður unnin fyrir sveitarfélagið, í samráði við landeigendur. Á vinnslutíma mun aðalskipulagsbreytingin verða kynnt bæði íbúum/almennings og sveitarstjórn.

### 5.3 Skipulagsferli

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferli aðalskipulagsbreytingar ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:

Okt./Nóv. 2018	Skipulags- og matslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Lýsingin verður kynnt almenningi skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn ábendingum varðandi fyrirhugaðar breytingar.
Des./jan 2019	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd. Tillagan kynnt almenningi skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga og lögð fyrir sveitarstjórn í kjölfarið.

Jan./Feb. 2019	Tillaga að breytingu samþykkt í sveitarstjórn til auglýsingar og send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Skipulagsstofnun hefur allt að 4 vikum til að gera athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi.
Feb. 2019	Tillaga auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga. Gefinn verður 6 vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
Mars/apríl 2019	Tillaga afgreidd í sveitarstjórn að undangenginni umræðu skipulagsnefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og send Skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga.
Mái/júní 2019	Gildistaka aðalskipulagsbreytingar auglýst í B- deild stjórnartíðinda eftir samþykkt sveitarstjórnar og staðfestingu Skipulagsstofnunar.

